

AUGLÝSING

um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó 2024.

Skv. lögum nr. 89/2019 um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð, leggur Fiskistofa á gjald tvisvar á ári 15. ágúst vegna tímabilsins 1. janúar til 30. júní og 15. febrúar vegna tímabilsins 1. júlí til 31. desember.

Gjald á hvert kílógramm slátraðs lax á árinu 2024 er kr. 37,80.

Gjald á hvert kílógramm slátraðs regnbogasilungs á árinu 2024 er kr. 18,90.

Gjöldin eru byggð á fyrirmælum sem fram koma í 2. gr. laga nr. 129/2022 sem tóku gildi 1. janúar 2023 og skv. breytingu á lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2024 samþykkt á Alþingi 15. desember 2023.

Fiskistofu, 29. desember 2023.

Björk Guðmundsdóttir fjármálastjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 29. desember 2023